

I.

Góðir Íslendingar – gleðilega hátíð.

Áramótin eru augnablik sem er táknrænt fyrir framrás tímans. Nýtt ár tekur við af gömlu og tengir hið liðna við það sem verða skal – hjá hverjum og einum, fjölskyldu okkar og í lífi þjóðarinnar.

Þetta er hátíðleg stund sem gefur færi til hugleiðinga af ýmsu tagi. Hvað gefur lífinu gildi? Hvað geri ég við tímann? Og hvernig hlúi ég að þeim sem standa mér næst? Hvernig byggjum við landið okkar og varðveitum það sem við eigum hérna saman á Íslandi?

* * *

Hvert og eitt okkar hefur sína sögu að segja frá árinu sem nú er á enda. Og í brjóstum okkar bærast mismunandi tilfinningar á þessum tímamótum – allt eftir aðstæðum hvers og eins. Ár sem var einum gott og gæfuríkt var öðrum erfitt. Þannig er gangurinn. Öll upplifum við sigur og þraut. En í flestum okkar togast á margvíslegar tilfinningar: gleði og sorg, söknuður og von – stolt, eftirsjá, væntumþykja, einmanaleiki.

Í mínum huga eru áramótin tími skilnings og virðingar fyrir ólíkum aðstæðum fólks. En þau eru líka tíminn til að staldra við og líta í eigin barm – til að taka persónulega ábyrgð á því sem við höfum þó stjórn á sjálf í lífi okkar. Því þrátt fyrir allt er margt undir okkur sjálfum komið.

Þess vegna strengja sum okkar áramótaheit – sem gengur iðulega best ef þau eru raunsæ, og taka mið af aðstæðum, en fela um leið í sér sterkan vilja til að vera og gera sitt allra besta.

Það verður aldrei neitt fullkomið. En öllum er hollt að hugleiða nokkuð á þessum nótum á áramótum. Því saman erum við mikils megnug. En það hefst allt innra með okkur með ákvörðun um það hvernig manneskjur við viljum vera, hvaða lífi við viljum lifa og hvers konar samfélagi við viljum tilheyra.

II.

Kæru landsmenn.

Ég elska Ísland og er stolt af því að vera Íslendingur. Ísland er frábært land. En við getum alltaf gert betur og við eigum að stefna hærra. Halda áfram að byggja landið, hlúa betur að fólkinu okkar og tryggja öllum sem hér búa sæti við borðið – tækifæri til að tilheyra og taka þátt í samfélaginu. Það er eilífðarverkefni.

En það er ekki annað hægt en að gleðjast yfir góðu gengi okkar Íslendinga í seinni tíð. Þökk sé fólkinu sem byggði landið – þökk sé eldhugum og eljusemi eldri kynslóða.

Ég leiði oft hugann til gamla Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði – þar sem faðir minn var alinn upp, um miðja síðustu öld, í hópi átta bræðra. Á bænum var heitt vatn en ekki kalt þannig að hveravatnið var kælt í kútum í kringum húsið. Ég var alin upp við sögur af fyrstu gúmmístígvélunum og hvað það breytti miklu að vera ekki alltaf votur í fæturna. Og eitt árið, þegar líða tók að jólum, þá fékk faðir minn að deila gosflösku með bróður sínum þar sem þeir fengu sér hvor sinn sopann á dag með röri.

Öll eigum við fjölskyldusögur í þessum dúr. Það er ekki svo langt um liðið. En þegar ég kom síðast að Ljósalandi þá hugsaði ég með mér að ég myndi allavega ekki treysta til mér til að ala upp átta gaura á þessum fermetrafjölda í dag, eða við þessar aðstæður yfir höfuð.

Já, margt hefur breys, býsna hratt, til hins betra í okkar samfélagi – frá síðustu öld, í Skagafirðinum og annars staðar – þótt það gefi ekki tilefni til kæruleysis eða andvaraleysis. Og fátækt er því miður ennþá hluti af veruleika margra sem hér búa og vaxa úr grasi.

Þrátt fyrir almenna velmegun – þá eru verkefnin ærin og þau blasa hvarvetna við okkur. En munum hvers við erum megnug. Munum hvað hefur áunnist á síðustu árum og áratugum. Höldum áfram að setja markið hátt af virðingu við hvert annað og af virðingu við brautryðjendur sem á undan gengu.

III.

Nú má spyrja: Hvað er þá orðið okkar starf? Og höfum við sem þjóð gengið til góðs á liðnu ári? Slíku er best að hver og einn svari fyrir sjálfan sig.

En ég get sagt það sem forsætisráðherra – fyrir hönd okkar sem hefur verið treyst til að leiða stjórn landsmála – að við erum meðvituð um ábyrgð okkar, alltaf, alla daga. Og við gerum okkar besta fyrir fólkið í landinu og fyrir Ísland til framtíðar.

Margt hefur gengið vel. Margt getum við gert betur og stundum lendum við í mótvindi. En við hétum því að láta verkin tala og vera samstíga ríkisstjórn – bæði í sigri og þraut. Það hefur gefist vel. Enda göngum við hreint til verks og höfum tekið stórar ákvarðanir – sem stundum hafa verið erfiðar – og staðið þétt saman við að fylgja þeim eftir.

Þrátt fyrir nokkra ágjöf og skakkaföll í atvinnulífi þá erum við staðráðin í að rétta ríkisfjármálin af og hvikum hvergi frá þeim markmiðum sem við höfum sett okkur um allsherjar tiltekt í ríkisrekstri og stöðvun hallarekstrar. Þannig leggjum við grunn að nýrri sókn á traustum grunni.

* * *

Það er ekki vandalaust að sigla mótvindinn. En þá er mest um vert að bogna ekki – að hrekjast ekki af leið heldur halda traustri stjórn – ekki síst á því sem við höfum þó stjórn á sjálf.

Þess vegna er gleðilegt að á fyrsta ári nýrrar ríkisstjórnar hafi tekist að helminga hallann á fjárlögum og lækka ríkisskuldir um 7,5% af vergri landsframleiðslu. Vextir í landinu hafa lækkað fimm sinnum á einu ári – en betur má ef duga skal – og þrátt fyrir nýleg tíðindi um minnstu verðbólgu frá árinu 2020 lætur sá landsins forni fjandi ennþá á sér kræla. En við munum halda verðbólgunni í skefjum á nýju ári og það gerum við aðeins með stefnufestu.

Lægri vextir hafa þegar skilað hátt í 60 þúsund krónum á hverjum mánuði í veski meðalheimilis sem er með óverðtryggt íbúðalán. Það munar um minna. Og með enn lægri vöxtum mun atvinnulífið eiga þess kost að fá fjármagn til uppbyggingar á viðunandi kjörum.

Á sama tíma pössum við upp á velferðina um land allt – byggjum hjúkrunarheimili, lögum vegi, eflum meðferðarúrræði og tökum markviss skref til að bæta afkomu eldra fólks og öryrkja. Við göngum til verka í orkumálum og tökum á útlendingamálum af festu og sanngirni. Loks hefur Alþingi samþykkt lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

* * *

Við höggvum á hnúta sem hafa harðnað á liðnum árum. Þar má nefna sögulegt samkomulag við sveitarfélögin í landinu um þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Frumvörp um öryggisvistun ósakhæfra einstaklinga hafa nú komið fram eftir alltof langa bið. Og sátt hefur náðst um stofnun innviðafélags – loksins – til að byrja aftur að bora jarðgöng á Íslandi og hefja aðrar stærri samgönguframkvæmdir. Svo mætti lengi telja.

Við tökum til í ríkisrekstrinum. Við einföldum regluverk, mótum atvinnustefnu og vinnum að sátt í samfélaginu um almenn auðlindagjöld.

Í stuttu máli: Við gerum það sem við sögðumst ætla að gera – og skorumst ekki undan. Þjóðin valdi nýtt upphaf í kosningum og það hefur hún sannarlega fengið.

* * *

Nokkuð hefur borið á úrtöluröddum sem nýta tækifærið við hverja þraut og hvetja ríkisstjórnina til að hverfa af leið. Mjög hefur verið þrýst á stjórnarmeirihlutann að falla frá öllum þeim aðgerðum og erfiðu ákvörðunum sem eru til þess fallnar að laga afkomu ríkisins.

En hver sagði að þetta ætti að vera auðvelt? Við vorum kosin til að leysa mál og taka erfiðar ákvarðanir. Auðvitað mætir það mótspyrnu. En ekki hvað? Það er bara eðlilegt. Ekki síst þegar verið er að grípa til aðgerða sem hafa lengi setið á hakanum – einmitt vegna þess að það er auðveldara að bogna og bakka.

Við leysum ekki málin með því að bogna og bakka. Þannig náum við ekki árangri. Þetta vitum við – og þetta vissu fyrri kynslóðir, sem lögðu grunn að fullveldi Íslands og framförum í þágu þjóðar á síðustu öld.

IV.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur verið í mörg horn að líta að undanfögnu. Það er strekkingur á sviði stjórnmála. Breytingar verða í viðhorfum og afstöðu stórvelda. Enn geisar stríð í okkar heimshluta og ekki svo fjarri okkar friðsæla landi eru framin óhæfuverk.

Ég get verið hreinskilin með það að sem forsætisráðherra hef ég varið meiri tíma á erlendri grundu en ég hefði sjálf kosið. En það geri ég til að sinna hagsmunum Íslands og eiga í góðum samskiptum við leiðtoga okkar nánustu bandalagsríkja á óróatímum.

Það er lífsnauðsyn fyrir Ísland að villast ekki í ólgusjó. Látum hvorki glepjast af stundarhagsmunum né hrífumst með sviptivindum í stjórnmálum annarra ríkja en okkar eigin. Höldum sjó – höfum augun opin og gætum hagsmuna Íslands. Stöndum þétt með bandalagsríkjum en berjumst gegn hvers kyns tollum og viðskiptahindrunum sem bitna á íslensku atvinnulífi. Verum ávallt vakandi fyrir breytingum og tökum mið af þeim í okkar stefnu.

En umfram allt: Höldum trausttaki í sjálfstæði okkar og fullveldi.

* * *

Ég er aldrei jafn stoltur Íslendingur og þegar ég kem fram fyrir hönd þjóðarinnar á fundum erlendis. Það er merkilegt að jafn fámenn þjóð – á jafn afskekktum stað og hér í Norður-Atlantshafi – hafi svo ríka menningu og tungu og þann styrk sem þarf til að standa á eigin fótum frammi fyrir ríkjum sem eru miklu fjölmennari og völdugri en við. Óvíða eru líf skjör meiri í heiminum en einmitt hér á okkar fallega landi. Það má þakka áræðni, útsjónarsemi og samheldni í gegnum tíðina.

V.

Kæru landsmenn. Örlög okkar fléttast saman í tímans rás og úr því verður saga Íslands. Ein og sér erum við agnarsmá en saman erum við mikils megnug. Og með persónulegri ábyrgð hvers og eins byggjum við Ísland og sköpum okkur glæsta framtíð.

Verum og gerum okkar besta á nýju ári. Gleðjumst þegar gengur vel og skemmtum ekki skrattanum með þarflausu sundurlyndi. Við getum verið ósammála og til þess eru stjórnmál í lýðræðisríki – að takast á og leita lausna. En ýkjum ekki ágreining og æsum ekki upp sundrunu að óþörfu. Sýnum heldur samkennd, skilning og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og aðstæðum fólks.

Verum áfram samstíga þjóð í sigri og þraut. Leyfum engum að kljúfa okkur. Höfnum svartagallsrausi um að íslenska leiðin sé ekki lengur fær og hér þurfi að kúvenda högum okkar og háttum. Ekkert er fjær sanni.

Gætum að því sem gerir Ísland að frábæru landi. Og glötum aldrei samstöðu okkar, stolti og virðingu. Þá mun okkur farnast vel.

* * *

Ég trúi því að nýja árið sem nú fer í hönd verði gott ár og að saman uppskerum við ríkulega á næstu árum og áratugum.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs – með von um heilsu, hamingju og þjóðarheill.